

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Þingskjal 542-411. mál.**

Akureyri, 11. apríl 2017  
Tilvísun: 1704056 / 00.08.00

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frv. til breytinga á lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.**

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 7. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011.

Meginefni frumvarpsins felur í sér að gerðar eru breytingar á markmiðum og hlutverki Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þannig að hlutverk hans verði eftirleidis að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í umsjón eða eigu sveitarfélaga og einkaaðila. Ferðamannastaðir í opinberri eigu falla utan gildissviðs laganna sem og staðir sem eru á náttúruverndarsvæðum, sem ekki eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila.

**Umsögn Ferðamálastofu**

Ferðamálastofa telur þær breytingar sem lagðar eru til í lögnum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða í meginatriðum til bóta og gera hlutverk sjóðsins skýrari. Þó vil stofnunin koma á framfæri nokkrum athugasemdum við fyrirbyggjandi frumvarpsdrög:

1. Ferðamálastofa bendir á að orðalag 1. mgr. 1. gr. megi gera enn skýrara og markvissara en nú er. Hugtakið „viðhald“ er t.d ekki nógu skýrt og óljóst er hvað átt er við með því, hvort daglegt viðhald falli þar undir eða hvort átt er við annars konar viðhald. Samkvæmt a. lið 6. gr. reglugerðar nr. 20/2016 er sjóðnum er ekki heimilt að styrkja rekstrarkostnað mannvirkja. Að öllu jöfnu er reglulegt viðhald talið til rekstrarkostnaðar. Lagt er til að orðið „viðhald“ verði tekið út eða skýrt betur hvað átt er við með því.

2. Ferðamálastofa leggur til að sameinað verði orðalag núverandi 2. og 3. mgr. 1. gr. og sú málsgrein sem þannig verður til verði gerð nákvæmari án þess að efnisinnihald breytist. Málsgreinin gæti orðast svo:

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða skal varið til:

1. Nýframkvæmda sem stuðla að náttúru- og umhverfisvernd á ferðamannastöðum.
2. Nýframkvæmda sem stuðla að auknu öryggi á ferðamannastöðum.
3. Nýframkvæmda sem bæta úr skorti á nauðsynlegum innviðum.
4. Framkvæmda sem snúa að endurnýjun mannvirkja sem stuðla að 1, 2 og 3. Með „endurnýjun“ mannvirkja væri átt við meiriháttar viðhald sem ekki fellur reglulega til.

5. Nýframkvæmda sem stuðla að uppbyggingu nýrra ferðamannastaða.
6. Nýframkvæmda sem stuðla að betri dreifingu ferðmanna.
7. Undirbúnings, skipulagsgerðar og hönnunar sem leiða til framkvæmda skv. liðum 1-6.

3. Ferðamálastofa leggur til að nýjar 4. og 5. mgr. skv. frv. verði sameinaðar og einfaldaðar með því að telja upp í stuttum tölulíðum það elsta sem sjóðnum er ekki heimilt að styrkja að teknu tilliti til 6. gr. reglugerðarinnar,

Ný mgr. gæti orðast svo: Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er ekki heimilt að styrkja:

1. Rekstrarkostnað, þ.m.t. fastan launakostnað starfsmanna aðila og reglulegt viðhald mannvirkja. Launakostnað starfsmanna má þó færa fram sem mótframlag í samræmi við framlag þeirra til verkefnisins.-
2. Verkefni sem ekki eru á ferðamannastöðum eða leiða ekki til þess að staður verði ferðamannastaður.
3. Verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.
4. Verkefni á ferðamannastöðum þar sem fram fer gjaldtaka umfram veitta þjónustu.
5. Verkefni sem einnig á að fjármagna á með gjaldtöku.
6. Verkefni sem þegar er lokið
7. Fyrirtæki sem hafa með höndum rekstur ferðamannastaða umfram þá hámarksupphæð sem leyfilegt er samkvæmt reglugerð ESB nr. 1998/2006 um minniháttarástoð (*de minimis* reglu), nú að hámarki € 200.000 á hverju 36 mánaða tímabili að frádregnum öðrum styrkjum frá opinberum sjóðum sem viðkomandi hefur fengið til sömu verkefna á sama tímabili

4. Ferðamálastofa fagnar því að gerð sé tillaga um að verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum verði ekki styrkhæf úr sjóðnum enda er vandséð hvernig forgangsroðun verkefna getur farið fram á tveimur stöðum. Breytingin er því mikilvægt skref til að afmarka og skýra hlutverk annars vegar landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og hins vegar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Ferðamálastofa bendir þó á að undantekningarákvæðið í nýrri 4. mgr. frv. „nema sérstaklega standi á, verkefnið sé í þágu almannahagsmuna og þarfnist skjótrar úrlausnar“, er afar óheppilegt og til þess fallið að draga úr gildi afmörkunarinnar og mun að líkindum hafa margvísleg neikvæð áhrif. Ástæður þess eru einkum:

- a. Hætt er við að aðilar sem eiga verkefni á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sækji einnig um í framkvæmdasjóðinn til vonar og vara. Benda má á í þessu samhengi að aðilar telja alltaf verkefni sín í þágu almannahagsmuna, að þau þarfnist skjótrar úrlausnar og að sérstaklega standi á. Færa má rök fyrir því þeir hafi mjög oft rétt fyrir sér.
- b. Vegna þess sem fram kemur í a. lið mun umsýsla og umsýslukostnaður sjóðsins ekki dragast saman eins og æskilegt væri með afmörkun frá landsáætlun. Hætt er við að fjármagn til sjóðsins dragist verulega saman vegna afmörkunarinnar en umsýslukostnaður ekki að sama skapi þar sem umsóknum fækki ekki.
- c. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að undantekningarákvæðið sé æskilegt vegna þess að ekki sé hægt að breyta verkefnaáætlunum landsáætlunar með skjótum hætti. Miðað við hefðbundið verklag sjóðsins um eina úthlutun á ári er hann ekki sérstaklega vel til þess fallinn að taka skjótar ákvarðanir þegar sérstaklega stendur á. Nær væri að gefa ráðherra þetta vald með sérákvæði.



Ef það er vilji löggjafans að hafa undantekninguna inni þá telur Ferðamálastofa heppilegast að það verði ráðherra sem taki ákvörðun um samþykki verkefnis þegar sérstaklega stendur á, verkefnið sé í þágu almannahagsmuna og þarfnist skjótrar úrlausnar. Með því má hraða verkefnum og koma í veg fyrir óþarfa umsóknir í framkvæmdasjóðinn. Einnig er bent á að undanþáguheimild sem þessi kallar á umgjörð, þ.e. að reglur verði settar um það hvenær henni megi beita.

5. Ferðamálastofa vill vekja athygli á orðalagi setningarinnar í 3. ml. 2. mgr. 2. gr. um að „Við vinnslu tillagna skal stjórn sjóðsins jöfnun höndum auglýsa eftir umsóknum um framlög og hafa frumkvæði að öflun upplýsinga frá yfirvöldum umhverfismála og öðrum hagsmunaaðilum um þörf á framkvæmdum sem falla undir gildissvið laga þessara.“ Ekki er ljóst hvað löggjafinn hefur átt við með þessu orðalagi sem og hvað átt er við með orðinu „framlög“. Stjórn sjóðsins vinnur sínar tillögur til ráðherra eftir að auglýst hefur verið eftir umsóknum og farið hefur yfir þær með hliðsjón af styrkhæfni þeirra. Það kemur því ekki til að auglýst sé eftir framlögum við vinnslu tillagnanna. Lagt er til að ákvæðið verði heimildarákvæði en ekki skylda.

Ferðamálastofa leggur til að orðalagið „jöfnun höndum auglýsa eftir umsóknum um framlög og“ falli út og setningin hljóði svo: „Við vinnslu tillagna getur stjórn sjóðsins haft frumkvæði að öflun upplýsinga frá yfirvöldum umhverfismála og öðrum hagsmunaaðilum um þörf á framkvæmdum sem falla undir gildissvið laga þessara.“

6. Ferðamálastofa bendir á að afar óheppilegt er að ekki sé ákveðið fyrr en í desember, þegar fjárlög næsta árs eru samþykkt, hvaða fjárhæð er til úthlutunar og umsóknarferlið næstum lokið. Æskilegast væri að sjóðurinn gæti starfað á grunni langtímafjármögnunar, t.d. með hliðsjón af fjármálaáætlun hverju sinni og að úthlutunartími gæti þar með orðið heppilegri með hliðsjón af framkvæmdatíma.

7. Því er velt upp í umsögn þessari hvort heppilegt sé að hafa skilgreiningakafli líkt og er í lögum um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningar sögulegum minjum nr. 20/2016 til að gæta innra samræmis í hugtakanotkun.

*Fulltrúar Ferðamálastofu eru reiðubúnir að koma á fund atvinnuveganefndar til að fylgja eftir umsögn sinni og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.*

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslu- og umhverfissviðs